

Notkunarleiðbeiningar

Práðlaus veðurstöð

0334 ..

GIRA



Upplýsingar um rafhlöður

Haldið rafhlöðum frá börnum.

Ef hnapparafhlöður eru gleypar skal tafarlaust leita læknis.

Þegar rafhlöður tæmast verður að setja rafhlöður af sömu gerð eða samsvarandi gerð í þeirra stað. Takið gamlar rafhlöður strax úr og fargið þeim með umhverfisvænum hætti.

Efnisyfirlit

Uppsetning


Þráðlausi útiskynjarinn tekinn í notkun	4
Þráðlausa veðurstöðin tekin í notkun	7
Skipt um rafhlöður	9
Endurstilling veðurstöðvar og útiskynjara (Reset)	9
Val á uppsetningarstað	10
Uppsetning þráðlausu veðurstöðvarinnar	11
Þráðlausa veðurstöðin tekin niður	12
Uppsetning útiskynjara	13
Þráðlausa veðurstöðin notuð með spennubreyti	14

Notkun

Notkun þráðlausu veðurstöðvarinnar	15
Veðurspá	16
Hitastig/rakastig	17
Loftþrýstingsmælir	20
Klukka með sjálfvirkri stillingu	21
Handvirk stilling á tíma og dagsetningu	21
Tákn á skjánum	23

Tæknilýsing	25
Ábyrgð	27

Þráðlaus útskýnjarinn tekinn í notkun



Framhlið


Klukkan

Móttaka tímamerkja

Hitastig/rakastig

Rásarnúmer, staða rafhlöðu

Ljósdióða sem sýnir stöðu



Bakhlið (rafhlöðuhólf opið)

Veggfesting

°C/°F-hnappur

til að velja á milli mælieininganna
°C og °F fyrir hitastig

Rofi til að velja rás (Ch 1-5)

Reset-hnappur

Search-hnappur

EU/UK-valrofi

til að velja um tímamerki


Rafhlöðuhólf

2 x UM-3 (AA), 1,5 V

Standur

Á bakhlið þráðlausa skynjarans:


1. Losið um skrufurnar á rafhlöðuhólfinu og opnið það.
2. Stillið á rás fyrir þráðlausa merkið (með rennirofa Ch 1-5). Ef notaðir eru fleiri en einn útiskynjari verður að stilla þá þannig að þeir sendi út á mismunandi rásum.



Útiskynjari á rás 1

Stilla verður einn útiskynjari á rás 1 til þess að spáð sé fyrir um snjókomu á veðurspáarsvæðinu.

3. Veljið snið fyrir tímamerkið (með rennirofanum EU/UK).
EU = Evrópa, UK = Bretland.
4. Setjið rafhlöðurnar í (2 x UM-3 (AA) 1,5 V). Gætið þess að plús- og mínusskautin snúi eins og merkingarnar í rafhlöðuhólfinu gefa til kynna.
5. Veljið mælieiningu fyrir hitastig (°C eða °F) með **hnappinum °C/°F** (á aðeins við um skjáinn á útiskynjaranum).
6. Haldið **Reset-hnappinum** inni þar til slokknar á skjánum.
7. Þegar aftur kviknar á skjánum skal halda **Search-hnappinum** inni þar til loftnetstáknið á skjánum fer að blikka.
- ✓ Útiskynjarinn leitar þá að tímamerkinu. Þetta ferli getur staðið yfir í allt að 10 mínútur. Því er lokið þegar loftnetstáknið sýnir móttökuskilyrðin stöðugt:
ekkeri merki: 📶 daufi merki: 📶 sterkt merki: 📶
Ef skynjarinn finnur ekki tímamerki skal koma honum fyrir á öðrum stað og styðja aftur á **Search-hnappinn**. Beri sú leit ekki árangur skal stilla klukkuna handvirkt (sjá bls. 20).
8. Lokið rafhlöðuhólfinu og skrúfið það fast.



Á bakhlið þráðlausu veðurstöðvarinnar:

1. Setjið hnapparafhlöðurnar í (2 x CR 2032 3 V) eða tengið valkvæða spennubreytinn (sjá bls. 13).
Gætið þess að plús og mínus snúi rétt.
 2. Veljið mælieiningu fyrir hitastig með **rofanum °C/°F**.
 3. Veljið mælieiningu fyrir loftþrýsting með **rofanum mb/hPa / inHg**.
mb/hPa = millibör/hektópasköl
inHg = tommu-kvikasilfurssúla
 4. Ýtið á **Reset-hnappinn** með oddhvössum hlut.
- ✓ Veðurstöðin leitar þá að útiskynjurum. Að 5 mínútum liðnum er leitinni sjálfkrafa hætt. Ef stillt er á rás á svæðinu fyrir hita- og rakastig meðan á leitinni stendur blikka eftirfarandi tákn til að gefa til kynna að leitin standi yfir:



5. Ef þörf krefur skal velja snið fyrir klukkuna og dagsetninguna (sjá bls. 21).
6. Ef þörf krefur skal breyta stillingunni fyrir hitastig innandyrar (sjá bls. 18).



Leitað að útiskynjurum

Hægt er að leita aftur að útiskynjurum (t.d. eftir að skipt er um rafhlöðu) með því að skipta yfir á svæðið fyrir hitastig/rakastig með **Mode** og halda svo inni **Memo** og **Ch** í 2 sekúndur.



Fleiri en ein veðurstöð tengd við sama útiskynjarann

Hægt er að tengja allt að 5 veðurstöðvar við sama útiskynjarann. Til þess þarf að ýta á **Reset-hnappinn** á hverri veðurstöð þegar búnaðurinn er tekinn í notkun.


Skipt um rafhlöður

Merki um að skipta þurfi um rafhlöður

Á veðurstöðinni eru tvenns konar merki um að skipta þurfi um rafhlöður.



Á veðurspáarsvæðinu sést staða rafhlaðanna í þráðlausu veðurstöðinni.



Á svæðinu fyrir hitastig/rakastig sést staða rafhlaðanna í valda útiskynjaranum.

Ef táknið  birtist á útiskynjaranum eða  á veðurstöðinni skal setja nýjar rafhlöður í samkvæmt leiðbeiningunum um hvernig taka skuli búnaðinn í notkun frá og með bls. 4. Þegar nýjar rafhlöður hafa verið settar í skal ýta á Reset-hnappinn; á útiskynjaranum skal einnig styðja á Search-hnappinn.

Endurstilling veðurstöðvar og útiskynjara (Reset)

Reset-hnappur fyrir endurstillingu er á bakhlið veðurstöðvarinnar og í rafhlöðuhólfi útiskynjarans. Endurstilla skal með hnappinum í hvert sinn sem skipt er um rafhlöður eða þegar tækið virkar ekki rétt (t.d. þegar ekki næst samband við útiskynjarann).



Athugið

Þegar ýtt er á Reset-hnappinn eru allar stillingar veðurstöðvarinnar endursettar á verksmiðjustillingu, auk þess eyðast allar vistaðar upplýsingar úr minni (t.d. um hæstu og lægstu gildi).



Prófið móttökuskilyrði


Áður en endanleg uppsetning fer fram skal ganga úr skugga um að móttökuskilyrðin séu í lagi miðað við staðsetningu skynjarans og veðurstöðvarinnar.

Til þess að búnaðurinn virki sem best:

- Setja ætti þráðlausu veðurstöðina upp í augnhæð (u.þ.b. 1,70 m) til þess að sem þægilegast verði að lesa af skjánum.
- Setja ætti útiskynjarann upp utandyra í skjóli fyrir regni og snjó. Ef sól skín beint á útiskynjarann eða ef það rignir eða snjóar á hann getur það skekkt mælingar hans.
- Setja skal útiskynjarann upp í allt að 100 metra radíus frá veðurstöðinni. Uppgefið drægi skynjarans miðast við að engar hindranir séu í veginum, þ.e. að skynjarinn sé í sjónlínu við veðurstöðina.
Í flestum tilvikum eru hins vegar veggir, loft og aðrar hindranir á milli sendisins og móttakarans og minnkar því drægið sem því nemur.
- Setja skal útiskynjarann upp í hæfilegri fjarlægð frá málmhlutum og rafeindabúnaði.
- Kuldi (t.d. við notkun að vetrarlagi) hefur neikvæð áhrif á spennu rafhlaða og getur þannig minnkað drægi sendisins.
- Þráðlausu sendingarnar frá skynjaranum til veðurstöðvarinnar fara fram á sviðinu 433 MHz sem önnur tæki nota einnig. Getur það valdið truflunum á virkni og minnkað drægi sendisins.

Uppsetning þráðlausu veðurstöðvarinnar


Hægt er að setja þráðlausu veðurstöðina upp með eða án ramma. Ef setja á veðurstöðina upp á innfelldri dós (með spennubreyti) verður að nota ramma við uppsetninguna.



Hér verður lýst uppsetningu með ramma. Uppsetning án ramma fer fram með sama hætti:



Uppsetning á vegg

1. Veljið uppsetningarstað og merkið fyrir festigötum.
2. Borið götin í vegginn og setjið múrtappa í.
3. Skrúfið uppsetningarplötuna með rammanum á vegginn með tveimur skrúfum.
4. Festið veðurstöðina á uppsetningarplötuna.



Uppsetning á dós


1. Tengið spennubreytinn við 230 V spennu (sjá bls. 13).
2. Setjið uppsetningarplötuna með rammanum á innfelldu dósina.
3. Festið uppsetningarplötuna með tveimur skrúfum á burðarhring innfelldu dósarinnar.
4. Setjið tengiklemmuna í samband og stingið henni á snertu veðurstöðvarinnar.
5. Festið veðurstöðina á uppsetningarplötuna.



Práðlausa veðurstöðin tekin niður

Veðurstöðin er opnuð með eftirfarandi hætti:

1. Ýtið neðri festikróknum á veðurstöðinni varlega beint upp með skrúfjárn.
2. Takið veðurstöðina um leið af uppsetningarplötunni.



Uppsetning útiskynjara


Veljið hentugan stað fyrir útiskynjarann:

Ef sól skín beint á útiskynjarann eða ef það rignir eða snjóar á hann getur það skekkt niðurstöður mælingarinnar.

Hægt er að hengja skynjarann upp eða láta hann standa.

Skynjarinn látinn standa

1. Dragið standinn á bakhlið skynjarans út og festið hann.
2. Komið skynjaranum fyrir á hentugum stað.



Skynjarinn hengdur upp

Hægt er að hengja skynjarann upp á skrufu með þar til gerðu auga á bakhlið skynjarans.

1. Festið skrúfuna (fylgir ekki með) í vegginn þar sem setja á skynjarann upp.
2. Hengið skynjarann á skrúfuna með auganu á bakhliðinni.

Þráðlausa veðurstöðin notuð með spennubreyti



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Með valkvæða spennubreytinum er hægt að nota þráðlausu veðurstöðina með 230 V spennu.

Skilyrði fyrir því er að veðurstöðin sé sett upp á innfelldri dós (mælt er með því að nota djúpa dós).

Spennubreytirinn er tengdur með eftirfarandi hætti:


1. Tengid spennubreytinn við 230 V spennu.
2. Tengid hentuga leiðslu við 9 V-útgang spennubreytisins.
3. Tengid tengiklemmuna við þessa leiðslu.
4. Stingið tengiklemmunni á tengin á bakhlið veðurstöðvarinnar. Gætið að merkingunni fyrir plús og mínus undir tenginu.

- ✓ Ef tengistáknið birtist ekki á veðurspárvæðinu á skjánum hefur spennubreytirinn verið rétt tengdur.



Rafhlöður og spennubreytir

Þegar notast er við spennubreyti er einnig hægt að setja rafhlöður í veðurstöðina til vara. Þær gefa þá straum þegar rafmagnið fer af.



Framhlið

Veðurspá

Veðurspá með hreyfimynd
Staða rafhlaða
Gerð spennugjafa
(rafhlöður/spennubreytir)

Hitastig/rakastig

Núverandi gildi, hæsta/lægsta
gildi, þróun og þægindasvið, staða
rafhlaða í útiskynjurum

Loftþrýstingsmælir

Þróun, 24 klst. minni

Klukka með sjálfvirkri stillingu

Tími, dagatal
Tunglstaða

Stjórnhnappar

Mode, Set, Memo, Ch


Grunnaðgerðir hnappanna

- **Mode** hreyfir örina ▼ til þess að velja svæðin fyrir "hitastig/rakastig", "loftþrýstingsmæli" og "klukku".
▼ fyrir neðan aðgreiningarlínu svæðis = virkt svæði
- **Set** er notaður til þess að breyta stillingum
- **Memo** er notaður til þess að kalla fram vistuð gildi
- **Ch** er notaður til þess að velja útiskynjara

Veðurspá

Veðurstöðin spáir fyrir um veður næstu 12 til 24 klukkustundir í 30 - 50 km radíus. Spáin byggist á þróun loftþrýstings samkvæmt mælingum.

Veðurspáin kemur fram á ofanverðum skjánum með táknum sem eru á hreyfingu.

	Dagur (6:00 - 18:00)	Nótt (18:00 - 6:00)
Sólskin/heiðskírt		
Léttskýjað		
Skýjað		
Rigning		
Snjókoma Þegar hitastigið á rás 1 á þráðlausa skynjaranum er 2 °C eða lægra sýnir spáin snjókomu í stað rigningar.		

Hitastig/rakastig



Fyrir hvern tengdan skynjara getur þráðlaus veðurstöðin sýnt eftirfarandi upplýsingar:

- Núverandi, hæsta og lægsta hita- og rakastig (í prósentum).
- Þægindasvið (WET, COM, DRY) og tákn sem sýna þróun (hækkandi, lækkandi, stöðugt).

Mælingar útiskynjara á hita- og rakastigi birtar á veðurstöð

Hægt er að stilla handvirkt á hvern skynjara fyrir sig, m.a. til þess að sýna hitastigið utandyra:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á svæðinu fyrir hitastig/rakastig.
 2. Veljið á milli mælinga veðurstöðvarinnar innandyr og útiskynjaranna utandyra (rás 1 til 5) með hnappi **Ch**.
- ✓ Hústáknid sýnir mælinguna innandyr (🏠) eða rásarnúmer valda skynjarans (📶).

Stíllt á sjálfvirka birtingu upplýsinga frá útiskynjum

Hægt er að láta veðurstöðina birta upplýsingar frá útiskynjum sjálfkrafa. Upplýsingarnar frá hverjum skynjara eru þá á skjánum í þrjár sekúndur í senn.

Stíllt er á sjálfvirka birtingu með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á svæðinu fyrir hitastig/rakastig.
 2. Haldið **Ch** inni í fimm sekúndur.
- ✓ Veðurstöðin sýnir þá upplýsingarnar frá hverjum skynjaranum á eftir öðrum.

Sjálfvirkri birtingu hætt

Sjálfvirkri birtingu er hætt með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á svæðinu fyrir hitastig/
rakastig.
2. Styðjið snögg á **Ch**.

Hæstu og lægstu gildi sýnd

Þráðlausa veðurstöðin geymir upplýsingar um hæstu og lægstu mælingar á hita- og rakastigi. Þessar tölur eru kallaðar fram með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á svæðinu fyrir hitastig/
rakastig.
2. Veljið á milli innihita og útiskynjara (rás 1 til 5) með **Ch**.
3. Veljið milli hæstu, lægstu og núverandi gilda með **Memo**.

Ef ekki er stutt á hnapp í 10 sekúndur kemur núverandi gildi aftur á skjáinn.

Hæstu og lægstu gildum eytt

Hæstu og lægstu gildum er eytt með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á svæðinu fyrir hitastig/
rakastig.
 2. Veljið á milli innihita og útiskynjara (rás 1 til 5) með **Ch**.
 3. Skiptið á milli hæsta og lægsta gildis með **Memo**.
 4. Haldið **Memo** inni í tvær sekúndur.
- ✓ Gögnunum er eytt úr minni og núverandi mælingar eru sýndar á skjánum.



Athugið

Upplýsingum um hæstu og lægstu gildi er aðeins eytt fyrir þá rás sem stillt er á.

Upplýsingum um hitastig innandyrá breytt

Allt eftir því hvar þráðlausa veðurstöðin er sett upp getur verið að hitastigið sem hún sýnir sé frábrugðið raunverulegu hitastigi í herberginu.

Hægt er að breyta innihitanum sem stöðin sýnir um $\pm 10^\circ$, eina gráðu í senn:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid **▼** er á svæðinu fyrir hitastig/rakastig.
2. Veljið að stöðin sýni innihita með **Ch**.
3. Haldið **Set** inni þar til hitastigið blikkar á skjánum.
- ✓ Núverandi hitastig er sýnt $- 10^\circ$.
4. Hitastigið er hækkað um eina gráðu í senn með **Set**.
5. Staðfestið stillinguna á hitastiginu með **Mode**.

Mælieining fyrir hitastig valin

Hægt er að sýna hitastigið í $^\circ\text{C}$ eða $^\circ\text{F}$.

1. Veljið mælieininguna með rennirofanum ($^\circ\text{C}/^\circ\text{F}$) á bakhlið veðurstöðvarinnar.

Þægindasvið



49%

Auk upplýsinganna um rakastig í % sýnir stöðin einnig svokölluð þægindasvið sem eftirfarandi skilyrði eiga við um:

Svið	Hitastig	Rakastig
DRY	hvað sem er	$< 40\%$
COM	$20 - 25^\circ\text{C}$ ($68 - 77^\circ\text{F}$)	$40 - 70\%$
WET	hvað sem er	$> 70\%$

Loftþrýstingsmælir



Veðurstöðin sýnir loftþrýstinginn hverju sinni og skráir loftþrýstingssveiflur til þess að geta spáð fyrir um veður.

Þróun loftþrýstings sýnd

Veðurstöðin geymir niðurstöður mælinga á loftþrýstingi síðustu 24 klukkustundir. Þessar upplýsingar eru kallaðar fram með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid  er á svæðinu fyrir loftþrýsting.
 2. Veljið einstaka mælingar með **Memo**.
 sýnir hvenær mælingin fór fram.
- ✓ Ef ekki er stutt á hnapp í 10 sekúndur kemur núverandi loftþrýstingur aftur á skjáinn.

Mælieining fyrir loftþrýsting valin

Hægt er að sýna loftþrýstinginn í mb/hPa eða í inHg. Mælieiningin er stillt með rennirofa (mb/hPa / inHg) á bakhlið veðurstöðvarinnar.

Landfræðileg hæð stillt

Upplýsingar um hæð uppsetningarstaðar eru notaðar til þess að reikna út hlutfallslegan loftþrýsting með tilliti til yfirborðs sjávar gagnvart raunþrýstingi á uppsetningarstað. Þetta hlutfallslega gildi er mikilvæg viðmiðunarstærð, m.a. fyrir rétta túlkun á veðurspám sem byggjast á hlutfallslegum loftþrýstingi.

Landfræðileg hæð uppsetningarstaðar (upplýsingar um hana má til dæmis finna á göngukortum) er stillt með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid  er á svæðinu fyrir loftþrýsting.
2. Haldið **Mode** inni þar til hæðin sem stillt er á birtist á skjánum.
3. Stillið hæðina í 10 metra skrefum (-100 til 2500 m) með **Set**.
4. Staðfestið með **Mode**.

Klukka með sjálfvirkri stillingu



Þráðlaus skynjarinn stillir klukkuna og dagsetninguna sjálfkrafa með opinberum tímamerkjum sem send eru út frá Mainflingen nálægt Frankfurt am Main í Þýskalandi (DCF77) eða Anthorn í Bretlandi (MSF). Skynjarinn tekur á móti

tímamerkjunum í allt að 1500 km radíus frá tímamerkjasendinum og sendir þau áfram til þráðlausu veðurstöðvarinnar.

Fyrsta móttaka tímamerkja getur tekið 2 - 10 mínútur og er hún sett af stað með Search-hnappinum á útiskynjaranum. Þegar merkið er mótttekið hættir loftnetstáknið að blikka.

Ef ekki er unnt að samstillja klukkuna sjálfkrafa er einnig hægt að stilla hana handvirkt á veðurstöðinni.

Handvirk stilling á tíma og dagsetningu



Athugið

Ef ekki er unnt að taka á móti opinbera tímamerkinu er hægt að stilla klukkuna og dagsetninguna handvirkt. Verður þá fyrst að gera sjálfvirka móttöku tímamerkisins óvirka.

Sjálfvirk móttaka tímamerkis gerð óvirk

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á klukkusvæðinu.
2. Styðjið á **Mode** og **Set** þar til táknid  hverfur af skjánum.

Sjálfvirk móttaka tímamerkis gerð virk

1. Styðjið á **Mode** þar til táknid ▼ er á klukkusvæðinu.
2. Styðjið á **Set** þar til táknid  birtist á skjánum.

Stilling tíma, dagsetningar og tungumáls

1. Styðjið á **Mode** þar til táknið ▼ er á klukkusvæðinu.
2. Haldið **Mode** inni þar til tíminn gagnvart tímabelti blikkar á skjánum.
3. Stillið tímann gagnvart tímabelti (+/- 23 klst.) með **Set** og staðfestið með **Mode**.
4. Eftirfarandi stillingar eru gerðar með sama hætti.
Stílt er með **Set** og staðfest með **Mode**:
 - Tímasnið (24 hr/12 hr)
 - Klukkustundir og mínútur
 - Ár
 - Snið dagsetningar: mánuður/dagur (M D) eða dagur/mánuður (D M)
 - Mánuður og dagur
 - Tungumál: Það ræðst af tungumálinu sem er valið hvernig vikudagar eru birtir. Hægt er að velja á milli (E) ensku, (D) þýsku, (F) frönsku, (I) ítölsku og (S) spænsku.

Birtingu tíma og dagsetningar breytt

Veðurstöðin getur sýnt tímann og dagsetninguna á fjóra mismunandi vegu:

- Tímann með sekúndum
- Tímann með vikudegi
- Tímann með stillingu gagnvart tímabelti
- Dagatal

Birtingarmátanum er breytt með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á **Mode** þar til táknið ▼ er á klukkusvæðinu.
2. Veljið birtingarmáta með **Set**.

Tákn á skjánum

Upplýsingar um þróun

Þróun hitastigs, rakastigs og loftþrýstings er gefin til kynna með eftirfarandi táknnum:



hækkandi



stöðugt



lækkandi

Tunglstaða

Veðurstöðin reiknar út tunglstöðuna út frá dagsetningunni:



minnkandi tungl



vaxandi tungl



nýtt tungl



fullt tungl



vaxandi tungl



minnkandi tungl



vaxandi tungl
(fyrsta kvartil)



minnkandi tungl
(síðasta kvartil)

Hústákn

Hústáknið á svæðinu fyrir hitastig/rakastig veitir upplýsingar um rásina sem var valin og móttökuskilyrði:

	Veðurstöðin leitar að útiskynjurum.
	Útiskynjari á rás 1 sendir gögn. (Númer útiskynjarans er sýnt.)
	Veðurstöðin sýnir upplýsingar um hita- og rakastig innandyrá.
	Útiskynjari á rás 1 finnst ekki. Í stað hita- og rakastigs sýnir stöðin "--".

Hústáknið á klukkusvæðinu hefur eftirfarandi merkingar:

	Veðurstöðin nær sambandi við útiskynjarann og tímasamstilling hefur farið fram.
	Veðurstöðin nær sambandi við útiskynjarann en tímasamstilling hefur ekki farið fram.
	Veðurstöðin nær ekki sambandi við útiskynjarann en tímasamstilling hefur farið fram.
	Veðurstöðin nær ekki sambandi við útiskynjarann og tímasamstilling hefur ekki farið fram.
	Veðurstöðin nær ekki sambandi við útiskynjarann.

Tæknilýsing

Veðurstöð

Mál (H x B x D)	126 x 55 x 19 mm
Hitastig	
Mælisvið:	-5 °C til 50 °C (23 °F til 122 °F)
Skref mælingar:	0,1 °C (0,2 °F)
Mælieining:	°C eða °F
Rakastig	
Mælisvið:	25% til 95%
Skref mælingar:	1%
Loftþrýstingsmælir	
Mælisvið:	700 mb/hPa til 1050 mb/hPa (20,67 til 31,01 inHg)
Mælieining:	mb/hPa eða inHg
Hæðaraðlögun:	-100 til 2500 metrar
Rásanúmer	1, 2, 3, 4 eða 5
Rafhlöður:	2 x CR 2032 3 V

Útiskynjari

Mál (H x B x D)	116 x 70 x 24 mm
Hitastig	
Mælisvið:	-20 °C til 60 °C (-4 °F til 140 °F)
Skref mælingar:	0,1 °C (0,2 °F)
Mælieining:	°C eða °F
Rakastig	
Mælisvið:	25% til 95%
Skref mælingar:	1%
Senditíðni:	433 MHz
Drægi:	100 metrar (á opnu svæði)
Rásanúmer:	1, 2, 3, 4 eða 5
Rafhlöður:	2 x UM-3 (AA) 1,5 V



Ábending varðandi umhirðu

Við þrif á þráðlausu veðurstöðinni skal nota rakan, mjúkan og hreinan klút.

Forðist að þurrka hratt og endurtekið af skjá veðurstöðvarinnar. Þegar það er gert geta orðið tímabundnar litabreytingar á skjánum sem hverfa af sjálfu sér eftir skamma stund.

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
42477 Radevormwald

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Pýskaland
Sími +49(0)21 95 - 602 - 0
Fax +49(0)21 95 - 602 - 339
www.gira.com
info@gira.com

GIRA